

# STARFSSKILYRÐI FYRIR hársnyrtistofu

Samræmd starfsskilyrði vegna hollustuhátta, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 8. gr. aga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.
1.1	Starfsskilyrði þessi gilda fyrir hársnyrtistofu.	830/2022 Viðauki
1.2	Starfsskilyrðin gilda aðeins í húsnæði sem tilgreint er við skráningu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemi sé í samræmi við samþykka notkun húsnæðisins.	941/2002 14. gr.
1.3	Óheimilt er að hefja skráningarskyldan atvinnurekstur fyrr en skráning hefur farið fram, skráningargjald greitt og rekstraraðili fengið senda staðfestingu.	830/2022, 3. gr.
1.4	Ef um annan skráningar- eða starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi skráningar- eða starfsleyfisskilyrði.	941/2002 13. gr.  830/2022 6. gr.
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum, reglum og almennum kröfum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsskilyrðum.	941/2002 3. og 14. gr.  830/2022 6. gr.
1.6	Staðfesting á skráningu skal vera sýnileg með áberandi hætti á starfsstöð.	830/2022, 6. gr.
1.7	Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrr en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.	830/2022, 7. gr.
1.8	Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemi er sannarlega ekki lengur starfandi eða ef starfsemi fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.	830/2022, 11. Gr.

## 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.
2.1	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012
2.2	Fara skal eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar vegna öryggisþátta.	941/2002 14. gr.
2.3	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	941/2002 14. gr.  112/2012 6.12.6. gr
2.4	Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúðarhúsnæði.	941/2002 14. gr.
2.5	Húsnæðið skal vera rúmgott, bjart, hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.
2.6	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.
2.7	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr.  536/2001
2.8	Gólf, veggir, loft og annar samsvarandi húsbúnaður skal vera gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.	941/2002 14. gr.
2.9	Loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar á hverri hæð eða rekstrareiningu.	941/2002 14. gr
2.10	Viðskiptavinir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera til staðar ásamt ruslafötu með loki. Salernisklefar og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem auðvelt er að þrifa. Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla. Gerð salerna skal að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.	112/2012 6.8.4 gr.  941/2002 15. gr.
2.11	Fatahengi skal vera fyrir yfirhafnir viðskiptavina.	941/2002 14. gr.
2.12	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10. gr. byggingareglugerðar.	941/2002 14. gr.
2.13	Fyrir hvern aðgerðarstól skal ekki vera minna en 5 m <sup>2</sup> gólfrými.	941/2002 44. gr.
2.14	Sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða handþurrkum á rúllu skal vera í vinnurými.	941/2002 43. gr.
2.15	Á hársnyrtistofu skulu annars vegar vera hárvottalaug og hins vegar borð með þvottalaug til blöndunar efna.	941/2002 43. gr.

## 3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þrifu daglega eða oftar eftir þörfum.	941/2002 11. og 14. gr.

	Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	
3.2	Loftræstikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræstikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 14. og 11. gr.
3.3	Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo við að lágmarki 60°C og geyma í lokuðum skápum eða ílátum. Nota skal hreinan búnað, ábreiður og hlífar við hvern viðskiptavin.	941/2002 43. gr.
3.4	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið nema að fenginni undanþágu frá ráðherra.	941/2002 19. gr.
3.5	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir. Um notkun rafretta fer samkvæmt lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.	Lög nr. 6/2002,  lög nr. 87/2018. gr. 12.

#### 4. SÓTTVARNIR

		Rgl.nr.
4.1	Ávallt skal hreinsa og sótthreinsa búnað með viðeigandi efnum og aðferðum.	941/2002 43. gr.
4.2	Hrein og sótthreinsuð áhöld og búnaður skal notaður við hvern viðskiptavin.	941/2002 43. gr.

#### 5. HÁVAÐI

		Rgl.nr.
3.1	Um hávaða gildir reglugerð um hávaða.	724/2008

#### 6. MATVÆLI

		Rgl.nr.
6.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995

#### 7. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.
7.1	Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999
7.2	Frágangur sorpílláta skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.
7.3	Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.	941/2002, 14. gr
7.4	Oddhvössum hlutum, s.s. rakvélablöðum ásamt spilliefnum og umbúðum	941/2002 43. gr.

	þeirra skal koma til viðeigandi förgunar.	
7.5	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003

## 8. EFTIRLIT

		Rgl.nr.
8.1	<p>Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með starfsemi rekstraraðila.</p> <p>Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu.</p> <p>Tíðni eftirlits skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018.</p> <p>Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.</p>	<p>941/2002, XVI. kafli,</p> <p>830/2022., 8. gr.</p> <p>lög nr. 7/1998, XIV. kafli,</p>
8.2	Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku.	Lög nr. 7/1998, 62.gr
8.3	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit vegna starfseminnar	941/2002, 9. gr
8.4	Heilbrigðisnefnd getur sett fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum þessum, en þó ávallt í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og almennra krafna sem eiga við um starfsemina.	

## 9. VALDSVIÐ, VIÐURLÖG OG ÞVINGUNARÚRRÆÐI

		Rgl.nr.
9.1	<p>Rekstraraðili ber að fylgja fyrirmælum viðkomandi heilbrigðisnefndar um kröfur og starfshætti sem varða hollustuhætti. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVIII. kafla reglugerðar nr. 941/2002 og XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum.</p> <p>Þá getur heilbrigðisnefnd upplýst Umhverfisstofnun um frávik þar sem kemur til að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafla laganna.</p>	<p>941/2002, XVII. kafli</p> <p>Lög nr. 7/1998</p>

### Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- reglugerð nr. 830/2002 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um, hollustuhætti og mengunarvarnir,
- reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti,
- reglugerð nr. 536/2011 um neysluvatn,
- reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs,

- reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,
- lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,
- lög nr. 87/2018 um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur
- lögum nr. 93/1995 um matvæli,
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012,
- reglugerð nr. 724/2088 um hávaða.

**Atvinnugreinaflokkur (ÍSAT 2008): 96.02.1 Hárgreiðslustofur**